

## Keppnisreglur yngri flokka 2019-2020

### Reglurnar í 2. flokki: (Framhaldsskóla aldur 16-20 ára)

- Spilað 6 manna blak
- Spilað 2 eða 3 unnar hrinur -Fer eftir fjölda líða. Ef liðin eru fleiri en 5 þá má spila upp á 2 unnar hrinur.
- Oddahrina upp í 15
- Hver lið á tvö leikhlé í hverri hrinu
- Hver hrina vinnst með minnst 2ja stiga mun
- Nethæð hjá körlum er 243 cm
- Nethæð hjá konum er 224 cm

### Reglurnar í 3. flokki: (14-15 ára / 9.- 10. bekkur)

- Spilað 6 manna blak
- Spilað 2 eða 3 unnar hrinur. Fer eftir fjölda líða. Ef liðin eru fleiri en 5 þá má spila upp á 2 unnar hrinur.
- Oddhrina spiluð upp í 15
- Hver lið á tvö leikhlé í hverri hrinu
- Hver hrina vinnst með minnst 2ja stiga mun
- Nethæð hjá drengjum er 235 cm
- Nethæð hjá stúlkum er 224 cm

### Reglurnar í 4. flokki: (12-13 ára / 7.-8. bekkur)

- Spilað 6 manna blak
- Spilað 2 eða 3 unnar hrinur. Fer eftir fjölda líða. Ef liðin eru fleiri en 5 þá má spila upp á 2 unnar hrinur.
- Oddhrina spiluð upp í 15
- Hver lið á tvö leikhlé í hverri hrinu
- Hver hrina vinnst með minnst 2ja stiga mun
- Nethæð er 215 cm

## Reglurnar í 5. flokki: (10-11 ára / 5.- 6. bekkur)

- Spilað 2 x 8 mín (tvær hrinur) samanlögð stig hrinanna ræður úrslitum
- Ef lið eru jöfn í lok seinni hrinu sker ein viðbótar uppgjöf þess liðs sem á næstu uppgjöf skera úr um úrslit leiks
- Engin leikhlé
- Spila þarf a.m.k. tvær snertingar
- Fyrsta snerting eftir uppgjöf skal alltaf vera með bagger. (fleyg)
- Þrjár uppgjafir á leikmann og sú þriðja má vera yfirhandar. Fyrstu 2 skulu alltaf vera undirhandar.
- Spilað á stórum badmintonvelli
- Amk 4 í liði og 3 inná í einu. Alltaf skal skipta inn á í uppgjöf
- Uppgjöf alltaf fyrir fyrir aftan endalínu
- Blönduð lið leyfð.
- Nethæð er 210 cm

## Reglurnar í 6. flokki: (8-9 ára / 3.- 4. bekkur)

Þessi flokkur keppir ekki til Íslandsmeistaratitils og því gott að nágrannafélögin og/eða landshlutarnir skipuleggi skemmtimót fyrir þennan aldur samhliða Íslandsmótum og einnig sem styttri mót.

- Spilað 2 x 8 mín og ekki eru talin stig
- Engin leikhlé
- Þrír leikmenn inn á í einu
- Spilað þrjár snertingar - Móttaka/vörn-grip-kast og boltinn settur yfir
- Fyrsta móttaka eftir uppgjöf skal alltaf vera með bagger. Önnur snerting grip og í þriðju snertingu er boltinn sendur yfir netið.
- Uppgjöf má vera af miðjum velli eða þaðan sem börnin ráða við uppgjöfina.
- Blönduð lið leyfð
- Nethæð er 200 cm

## Yngstu krakkarnir 7.flokkur: (6-7 ára/ 1-2 bekkur)

Spilað kasta-grípa

- Spilað 2 x 8 mín og ekki talin stig
- Þrír leikmenn inn á í einu og ef fleiri leikmenn eru í liði skal alltaf skipta þegar boltinn er úr leik.
- Spilað kasta-grípa og snúið eftir hvert kast.
- Uppgjöf: Henda skal boltanum yfir netið frá þeim stað sem hann tapast. Fari boltinn út fyrir völlinn skal leikmaður ná í hann og kasta honum yfir netið frá miðjum vellinum.
- Nethæð er hæð badmintonnets.

**Uppfært 23.10.2019**